

Lífið í jörðinni

Edda Sigurdís Oddsdóttir¹ og Guðmundur Halldórsson²

¹Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá, 116 Reykjavík

²Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella

Þó svo að lífið í jarðveginum láti ekki mikið yfir sér við fyrstu sín leynist þar margt þegar betur er gáð. Aragrúi jarðvegslífvera, sem eru ekki síður margbreytilegar að gerð og útliti en þær sem lifa ofanjarðar, gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfinu. Eitt af því sem jarðvegslífverur gera er að umbreyta lífrænum leifum yfir á nýtanlegt form fyrir plöntur og í raun má líkja jarðveginum við meltingarfæri gróðursins og án starfsemi jarðvegsdýra yrði meltingin ansi erfið. Þá eru í jarðvegi sveppir sem aðstoða plöntur við upptöku vatns og næringarefna og örverur sem drepa sníkjudýr, auk fjölda annarra lífvera sem tengjast á flókinn hátt. Það lífríki sem við sjáum á yfirborðinu er því háð því lífríki sem býr í moldinni og eins er lífríki jarðvegsins háð lífríkinu á yfirborðinu. Við endurheimt vistkerfa eftir rask skiptir því miklu máli að þess sé gætt að endurheimta einnig lífríki jarðvegs.

Í fyrirlesturinum verður gerð grein fyrir nokkrum rannsóknum á jarðvegslífi í mismunandi gróðurlendum á Íslandi. Helstu niðurstöður benda til þess að ógróinn jarðvegur sé harla fátækur af jarðvegslífi. Við uppgræðslu eykst fjöldi jarðvegsdýra og örvera en mismikið eftir gróðurgerðum.